

Grímsnes- og Grafningshreppur
Ellisif Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 LAUGARVATN

Garðabær, 24. janúar 2024
Málsnúmer: 202312-0023
LA

Efni: Umsögn um nýtt deiliskipulag fyrir íbúðabyggð í landi Stóru-Borgar, lóð 16.

Vísað er í tölvubréf úr Skipulagsgátt, dags. 18. desember 2023, þar sem sveitarfélagið Grímsnes- og Grafningshreppur óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um nýtt deiliskipulag fyrir íbúðabyggð í landi Stóru-Borgar, lóð 16. Í deiliskipulaginu eru skilgreindar 32 íbúðarlóðir, 0,9-1,5 ha að stærð, og heildarstærð skipulagssvæðisins er 54,9 ha að stærð.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir greinargerð deiliskipulagsins og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Grímsnesgosbeltið samanstendur af 12 eldstöðvum og 12 hraunum sem hafa gosið í hrinum fyrir um 7050-9000 árum og eru Borghólar ásamt Borgarhólshrauni ein af þessum eldstöðvum. Grímsnesgosbeltið er einstakt á landsvísu þar sem það er einangrað gosbelti sem stendur eitt og sér. Borgarhólshraun er um 7050 ára gamalt og nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum (60/2013).

Fram kemur í greinargerðinni (bls. 16) að í skilmálum og hönnun svæðisins er lögð áherslu á að takmarka risk á sérstæðum umhverfisgæðum svæðisins, vernda náttúru- og menningarminjar og að viðhalda því dreifbýlisyfirbragði sem einkennir sveitarfélagið. Borgarhólar og hraunið er nýtt sem útivistarsvæði þéttbýliskjarnans. Náttúrufræðistofnun leggur til að lóðir nr. 2 og 4 í nýju deiliskipulagi, samtals 19.767 m², verði undanskildar til að hlífa hraunjaðri Borgarhólshrauns og viðhalda þar með vísinda-, fræðslu- og verndargildi þess.

Suðurlandsundirlendi hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði (<https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/sudurlandsundirlendi>).

Innan deiliskipulagsins verður risk á vel grónu mólendi og breytingar verða á vistkerfi þess. Mólendi er mikilvægt búsvæði fyrir margar tegundir fugla, sérstaklega heiðlóu, en töluvert hefur verið gengið á slík svæði í uppsveitum Suðurlands vegna mikillar uppbyggingar frístundabyggða og skógræktar.

Náttúrufræðistofnun hvetur sveitarfélagið að vernda Borgarhraun vegna áhugaverðra jarðminja sem tilheyra Grímsnesgosbeltinu, ásamt því að tryggja vernd þeirra mólendissvæða sem enn eru til staðar og eru mikilvæg búsvæði fugla.

Virðingarfyllt,

Lovisa Ásbjörnsdóttir

Lovisa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

